

Tillaga	A 1987/PRE
Flytjandi	Þingmenn: Erling Eidesgaard, Johan Dahl
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

Um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs

Þingmennirnir leggja til að Norðurlandaráð ákveði

- að breyta 22. gr. starfsreglna Norðurlandaráðs þannig að öll átta lönd og flokkahópar eigi fulltrúa í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og
- að eyða 23. gr. starfsreglnanna sem afleiðingu fyrri breytinga

Bakgrunnur

Landsdeild Færeyja í Norðurlandaráði leggur fram tillögu um breytingu á starfsreglunum þannig að öll átta löndin eigi fulltrúa í forsætisnefnd. Það hefur í för með sér að Grænland, Álandseyjar og Færeyjar fá sæti í forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Þessi breyting mun tryggja að samband landanna í norræna samstarfinu verður jafnara þar sem þannig verður tryggt fyrirvar allra landanna átta í forsætisnefnd, sem er stýrandi afl í Norðurlandaráði.

Miklu máli skiptir að þátttaka Færeyja sé á jafnræðisgrundvelli á við önnur lönd í þessari pólitísku stofnun og það er líka í samræmi við óskina um að jafnræði ríki á meðal landanna átta. Þá mun þessi breyting einnig efla þátttöku landsdeilda þinganna og þar með norræna samstarfið.

Í dag má segja að samstarfið í Norðurlandaráði fari fram með tvenns konar þátttakendum, þar sem sex þingfulltrúar í Norðurlandaráði hafa ekki sömu tækifæri til þátttöku í öllu ákvarðanaferlinu, sem aftur samræmist ekki þeim gildum sem Norðurlandaráð stendur fyrir og er ekki í samræmi við framtíðarsýn Norðurlandaráðs fyrir 2030.

Færeyjar óska eftir fullri aðild að Norðurlandaráði. Líta skal á tillöguna sem eðlilegan hluta þeirrar óskar.

Breyting á starfsreglunum krefst eingöngu meðferðar í Norðurlandaráði og krefst ekki aðkomu ráðherranefndarinnar.



Efni tillögunnar

22. gr. í starfsreglum Norðurlandaráðs er svohljóðandi:

„22. gr. Nefndarskipan

Forsætisnefnd er skipuð forseta, varaforseta og allt að 13 öðrum kjörnum fulltrúum. Öll lönd og allir flokkahópar skulu eiga þar fulltrúa.“

Tillaga að viðbót:

„22. gr. Nefndarskipan

Forsætisnefnd er skipuð forseta, varaforseta og allt að 13 öðrum kjörnum fulltrúum. Öll átta löndin og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í nefndinni.“

Þá er lagt til að 23. grein verði eitt í kjölfar breytinga á 22. grein:

~~*„23. gr. Álandseyjar, Færeyjar og Grænland*~~

~~*Við meðferð mála sem varða Álandseyjar, Færeyjar eða Grænland er fulltrúa þeirra heimilt að sitja fund með málfrelsi og tillögurétt.“*~~

Niðurstaða

Þessi breyting mun hafa í för með sér að öll átta löndin hafi fyrirsvar í forsætisnefnd.

Þórshöfn, 12. mars 2024

Erling Eidesgaard

Johan Dahl